

## FUNDARGERÐ

**Föstudaginn 24. febrúar 2012 kl. 14:00** kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til símafundar í húsakynnum innanríkisráðuneytisins. Fundurinn fór fram í Tómothúsi, fundarherbergi á 4. hæð, Sölvhólsögötu 7, Reykjavík.

Í fjarfundarsambandi voru nefndarmennirnir Guðmundur Bjarnason formaður, Björk Þorsteinsdóttir, Hermann Jón Tómasson og Þórunn Egilsdóttir, Bjarni Jónsson sat fundinn ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Elínu Pálsdóttur og Halldóri V. Kristjánssyni.

Guðmundur Bjarnason, formaður, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

### FRAMLÖG VEGNA SAMEININGAR SVEITARFÉLAGA

#### Sameining Garðabæjar og Sveitarfélagsins Álftaness

#### Möguleg aðkoma Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Lagt var fram til kynningar minnisblað, dags. 22. febrúar 2012, er lagt var fram á fundi samstarfsnefndar um sameiningu Sveitarfélagsins Álftaness og Garðabæjar 23. febrúar sl. en þann fund sátu Hermann Sæmundsson, skrifstofustjóri og Elín Pálsdóttir, forstöðumaður.

Í minnisblaðinu er greint frá mögulegum framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á grundvelli reglna, nr. 295/2003, um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga komi til sameiningar Sveitarfélagsins Álftaness og Garðabæjar. Um er að ræða eftirtalin framlög:

- Framlag samkvæmt a. lið 1. gr. samtals að fjárhæð 8.338.280 kr. en þegar hafa verið greiddar 1.250.000 kr. Framlagið er greitt vegna könnunar á hagkvæmni sameiningar sveitarfélaganna, kynningar á sameiningartillögu og atkvæðagreiðslu.
- Framlag samkvæmt b. lið 1. gr. samtals að fjárhæð 0,7 m.kr. vegna sameiningar á bókhaldi sveitarfélaganna.
- Framlag samkvæmt c. lið 1. gr. samtals að fjárhæð allt 300,0 m.kr. Vilyrði liggur fyrir hjá ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs um greiðslu framlagsins á því ári sem sameining sveitarfélaganna verður samþykkt.
- Framlag samkvæmt d. lið 1. gr., þ.e. að tekjufjöfnunar- og útgjaldafjöfnunarframlög sjóðsins verða óbreytt á sameiningarári.
- Framlag samkvæmt e. lið 1. gr. Sérstakt framlag sem greitt verður í fjögur ár frá sameiningarári að telja, er nemur þeirri skerðingu sem kann að verða á tekjufjöfnunar- og útgjaldafjöfnunarframlögum til nýja sveitarfélagsins í kjölfar sameiningar. Áætlað framlag á ári miðað við forsendur sem nú liggja fyrir gæti verið á bilinu 80,0 til 90,0 m.kr. Niðurstaða skerðingarinnar lægi þó ekki fyrir fyrir en endanleg tekjufjöfnunar- og útgjaldafjöfnunarframlög á sameiningarári lögju fyrir.
- Framlag samkvæmt f. lið 1. gr. Um er að ræða sérstakt framlag til endurskipulagningar þjónustu og stjórnarsýslu sem greiðist á 5 árum í kjölfar sameiningar sveitarfélaganna. Afstaða verður tekin til mögulegrar úthlutunar framlags þegar fyrir liggja áform um endurskipulagningu þjónustu og stjórnarsýslu í sameinuðu sveitarfélagi.

Í minnisblaðinu kemur jafnframt fram að önnur framlög í tengslum við sameiningu sveitarfélaganna séu:

- Framlag vegna fjárhagserfiðleika sveitarfélaga að fjárhæð 285,0 m.kr. Framlagið kæmi til greiðslu á því ári sem sameiningin yrði samþykkt.

- Aukaframlag. Á árinu 2011 var greitt aukaframlag til Sveitarfélagsins Álftaness að fjárhæð 200,0 m.kr. vegna mikilla fjárhagserfiðleika sveitarfélagsins. Á árinu 2012 er áætlað að framlag að fjárhæð 175,0 m.kr. komi til greiðslu og 74,0 m.kr. á árinu 2013.

Á fundinum með samstarfsnefndinni kom fram beiðni um að sérstakt framlag vegna skerðingar á tekjujöfnunar- og útgjaldajöfnunarframlögum sjóðsins, sbr. e. lið 1. gr. reglnanna nr. 295/2003, kæmi til greiðslu í 7 ár í stað 4. Taldi samstarfsnefndin það vega þungt í ákvörðun um sameiningu sveitarfélaganna.

Einnig óskaði samstarfsnefndin eftir því að framlagið til endurskipulagningar þjónustu og stjórnsýslu í nýju sveitarfélagi, sbr. f. lið 1. gr. reglnanna nr. 295/2003, kæmi til greiðslu á 3 árum í stað 5.

Hvað beiðni samstarfsnefndarinnar varðar um að sérstakt framlag vegna skerðingar á jöfnunarframlögum kæmi til greiðslu í sjö ár frá sameiningarári að telja í stað fjögurra þá sá ráðgjafarnefndin sér ekki fært að verða við þeirri beiðni. Slíkt gæti orðið fordæmisgefandi og verulega íþyngjandi hvað aukin útgjöld Jöfnunarsjóðs varðar.

Hins vegar lagði ráðgjafarnefndin til að mögulegt skuldajöfnunarframlag, sem ákveðið hafði verið að næmi allt að 300,0 m.kr. og kæmi til greiðslu í kjölfar samþykktar um sameiningu sveitarfélaganna, væri hækkað í allt að 450,0 m.kr. að teknu tilliti til niðurstöðu úr ársreikningi sveitarfélagsins 2012 að frádregnum skuldum eða kaupverði vegna fasteigna Eignarhaldsfélagsins Fasteignar. Hvað greiðslu framlagsins varðar þá mundu 300,0 m.kr. koma til greiðslu við samþykkt um sameiningu sveitarfélaganna eins og ákveðið hafði verið en mögulegar eftirstöðvar, allt að 150,0 m.kr., koma til greiðslu á þremur árum þar á eftir með jöfnum greiðslum, 50,0 m.kr. í hvert sinn.

Hvað beiðni samstarfsnefndarinnar varðar um að framlag til endurskipulagningar þjónustu og stjórnsýslu kæmi til greiðslu á þremur árum í stað fimm taldi nefndin eðlilegt að verða við enda hefði vinnureglan verið sú að 85% framlagsins kæmu til greiðslu á þremur árum og 15% seinni tvö árin. Um tilflutning á óverulegum fjárhæðum væri því þar að ræða.

### **TILLAGA AÐ BREYTINGUM Á REGLUM NR. 295/2003 um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga.**

Í tengslum við framangreindar tillögur ráðgjafarnefndar um úthlutanir framlaga á grundvelli reglnanna, nr. 295/2003, ræddi nefndin um þær breytingar sem fram þyrftu að fara á reglunum í kjölfarið:

#### **Framlag á grundvelli c. liðar 1. gr. reglnanna**

Á grundvelli c-liðar 1. gr. reglnanna nr. 295/2003 er greitt sérstakt framlag til að jafna fjárhagsstöðu sveitarfélaga við sameiningu, sbr. 2. gr. reglnanna. Í ljósi breytingar á framsetningu í ársuppgjöri sveitarfélaga hvað varðar skuldbindingar sveitarfélaga sem áður voru utan efnahags er ekki lengur hægt að fara eftir óbreyttum ákvæðum reglnanna, nr. 295/2003, hvað útreikning á sérstöku framlagi til að jafna fjárhagsstöðu sveitarfélaga í kjölfar sameiningar varðar. Setja þyrfti inn nýtt ákvæði í c. - lið reglnanna sem takmarkar framlagið við þá fjárhæð sem telja má að sjóðurinn geti staðið undir hvað úthlutun þessa framlags varðar. Ekki verði um herra framlag að ræða nema á grundvelli sérstakra aðstæðna. Með tilvísun til þess sem hér að framan greinir ræddi ráðgjafarnefndin um þá breytingu á reglunum að mögulegt framlag vegna jöfnunar á fjárhagsstöðu sveitarfélaga næmi að hámarki allt að 450,0 m.kr.

Í vinnureglum um útreikning og úthlutun framlagsins er kveðið á um að framlagið sé greitt á fjórum árum með jöfnum greiðslum. Endurskoðun á vinnureglunum tæki þá mið af þeirri breytingu að framlagið væri greitt á fjórum árum þó ekki væri um jafnar greiðslur að ræða.

**ÖNNUR MÁL**

Engin önnur mál voru tekin til umfjöllunar eða afgreiðslu.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 14:30.

Næsti fundur er ráðgerður 13. mars nk. og verður boðaður sérstaklega.

Halldór V. Kristjánsson